

Önnur störf en fagleg kennslustörf er snerta hönnunar- og smíðakennara.

Hér verður reynt að gera grein fyrir þeim þáttum er tengjast hönnunar- og smíðakennslu en flokkast ekki undir kennslu eða önnur störf tengd kennslu (sbr. t.d. námsefnisgerð), en er þó forsenda fyrir framkvæmd hennar. Þar sem þessir þættir eru ekki hluti af kennslu verður að greiða sérstaklega fyrir framkvæmd þeirra og ekki er hægt að telja þá hluta af vinnutíma kennara. Þess vegna falla þessi störf fyrir utan skilgreiningu á vinnu sem greidd er af 9.14 stundum sbr. nýgerða kjarasamninga.

- 1. Umsjón og eftirlit með stofu. Sjá þarf um:*
 - a. eftirlit með ástandi véla og verkfæra.
 - b. eftirlit með kröfum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi sé fullnægt.
 - c. að ástand stofu sé viðunandi fyrir kennslu.
- 2. Umsjón og eftirlit með efnislager. Sjá þarf til þess að:*
 - a. ávalt sé til efni sem nota þarf hverju sinni og nægilegt almennt efnisval sem nýtist í skapandi starfi.
 - b. að allt efni sé aðgengilegt og engum stafi hætta af.
- 3. Viðhald véla og verkfæra. Sjá þarf til þess:*
 - a. að handverkfæri, vélar og annar búnaður í smíðastofunni sé í fullnægjandi ástandi hverju sinni.
 - b. að hefildækkir og vinnuborð séu í góðu lagi.
 - c. smærri viðgerðir á vélum.
- 4. Innkaup. (Í sumum sveitarfélögum er þetta sérstakt starf) Sjá þarf um:*
 - a. innkaup á efni og áhöldum sem þarf til smíðakennslunnar.
 - b. fara þarf í innkaupaferðir til að skoða og finna það sem vantar og hagkvæmast er í innkaupum.

Áætlað vinnumagn á viku miðað við heila stöðu

1.	Umsjón og eftirlit með stofu	1 klst
2.	Umsjón og eftirlit með efnislager	1 klst
3.	Viðhald véla og verkfæra	2 klst
4.	Innkaup	3 klst
	Samtals	6 klst á viku

Formaður Kennarasamband Íslands hefur lesið yfir bréfið og samþykkir þau sjónarmið sem þar koma fram.

Guðrún Ebba Ólafsdóttir

Virðingarfyllst fyrir hönd stjórnar Félags íslenskra smíðakennara.

Gísli Þorsteinsson formaður